

Ársskýrsla 2022

Í nefndinni sitja Steinunn Guðbjörnsdóttir (ritari), Sigrún Oddgeirsdóttir (nefndarmaður) og Claudia Schenk (formaður).

Verkefni Öryggis- og Ferðanefndar fyrir árið 2022 hafa verið umsjón með Slysaskráningu hestamanna, hönnun staðlaða umferðarskiltla og aðstoðarvinna við þolreiðarkeppni Survive Iceland.

1. Slysaskráning.

5 slys/óhapp hafa verið skráð árið 2022 í gegnum slysaskráningarform


<https://www.lhhestar.is/is/slysaskraning> og eru nú alls 10 slys skráð í gagnagrunninum.

Slysagagnagrunnurinn heldur utan um ítarlegar upplýsingar varðandi reiðslys/-óhapp, eins og t. d. dagsetning og tími, aðstæður og orsök slysa, lýsing áverka, þjálfunarstig hestsins og fleira.

slys_id	hsc_dags_skrad	hsc_dags_slys	hsc_timi_slys	hsc_stadsetning_Lysing	hsc_felag	hsc_vedur	hsc_adstaeður	hsc_averki_stig	hsc_averki_Lysing
2	03.11.2021	02.11.2021	17:00	Andriani	Sprettur	Myrkur	Í hestusahverfi	Minnihattar meiðsi/ávekar	
3	04.12.2021	23.07.2021	18:30	Við sningarhöf á móti við bæinn Teig á austurbakka Eyrjarfjarðar sem er á aðalreiðið fram Eyrjarfjörð frá Létta/Rumi	Létta/Rumi	Þjart	Í hestaferð	Alvarleg meiðsi/ávekar	Ekki ávekar brotni á þverföndur, og nú þegar
5	06.03.2022	27.02.2022	18:00	Rétt hjó gamli dýraskipalei í Faki, Reykjavík. Sem sagt á reiðstigi á Brekknaesi.	Fakur	Þjart	Í hestusahverfi, í útreiðum	Töluverð meiðsi/ávekar	Vinstri ekkilinn minn fór áveg (sundur...báð)
7	10.03.2022	05.03.2022	14:00	Mývatn Open Stakhöstjörn við Skútustaði	Hestamannafélagið Þjáfi	Þjart, Háika	Í keppni	Minnihattar meiðsi/ávekar	
8	13.10.2021	11.04.2021	11:00	Leið um Gráhellu að hesthúsuverði Sörta, Reiðv. nr. R16.03	Sörta	[REDACTED]	Í útreið	Töluverð meiðsi/ávekar	Sprungið/brotið rif
8	14.03.2022	05.02.2022	17:30	Magnúsarlundur/Kópavogi	Sprettur	Myrkur, Háika	Í hestusahverfi	Töluverð meiðsi/ávekar	Ríðeinsbrot
9	15.06.2022	21.05.2022	16:15	Á reiðvegi í Dalvíkurbyggð fyrir megin Hrafnstaði	Hingur	Þjart	Í útreið	Minnihattar meiðsi/ávekar	Ávekar á mjóðm mar og samlega boginn fr
9	23.09.2021	04.11.2020	11:30	Þjástæðir á Skólum reið utan við hesthúsið	[REDACTED]	[REDACTED]	Í hestusahverfi	Töluverð meiðsi/ávekar	Knepi óklabrotaði meig íla og fór úr lík á t
9	26.09.2021	11.04.2021	17:00	Við hesthúsin Hinguhöfði Dalvík, Svafaðardal	Hingur	[REDACTED]	Í hestusahverfi	Töluverð meiðsi/ávekar	Fótbot við spennlegg og allar sínar sundur se
10	31.08.2022	16.04.2016	17:30	Norðjarðarveit, 10 metrum vestan við afleggjara að Kirkjumel	[REDACTED]	Þjart	Í útreið	Minnihattar meiðsi/ávekar	Brakabir hryggjatindar í mjóðaki, mar á leni

Slysagagnagrunnur LH.

Slysin eru staðsett á kortasjá LH <https://map.is/lh/>, litaflokkuð eftir alvarleika slysis. Með því að smella á einstaka slysupunkta er hægt að fá upp helstu upplýsingar um slysin.



Reiðslys sýnt á kortasjá LH.

Reiðslys	
Áverki:	Alvarleg meiðsi/ávekar
Aðstæður:	Í hestaferð
Orsök slysis:	Annað
Fjöldi slasaðra knapa:	1
Reiðfærni knapans:	Vanur
Þjálfunarstig hestsins:	Fulltáminn
Dagsetning slysis:	23.07.2021

Upplýsingar um slys/óhapp. Glugginn opnast með því að smella á slysupunkta á kortasjá LH.

Vonast er til að skráningarformið nýtist hestamönnum áfram bæði til að tilkynna slys og fá yfirsýn yfir helstu orsök slysa, svo hægt sé að bæta öryggi hesta- og hestamanna.

2. Öryggisskilti LH.

Vegna aukinna umferð útivistarhópa á athafnarsvæði hestamanna bæði í þéttbýli og á landsbyggðinni, var óskað eftir vegaskiltum sem hestamannafélög geta notað til að vara við hestaumferð. Nokkur hestamannafélög hafa nú þegar sett upp eigin skilti hjá sér, þau skilti hafa verið hönnuð sérstaklega fyrir umrædda félag og ekki endilega samræmi á milli upplýsingar á skiltunum.

Hugmynd ÖFN að láta hanna staðlað skilti til afnotar fyrir öll hestmannafélög var vel tekin af stjórn LH og síðan var ráðinn grafískur hönnuður í verkefnið. Tvær útfærslur af skiltinu hafa verið hannaðar, annað stærra til að setja upp við athafnarsvæði hestamanna og hitt minna til að setja upp við reiðvegi utan byggðar.


Skiltin eru til á stafrænu formati og geta hvert hestamannafélag sem vill fengið skrárnar hjá LH og láta prenta á viðeigandi efni.



Öryggisskiltin tvö.

3. Aðstoð við þolreiðarkeppni Survive Iceland.

Einn nefndarmaður ÖFN var viðstaddur sem aðstoðarmaður á þolreiðarkeppni Survive Iceland, sem var haldin 24.-28.08.2022 á Rjúpnavöllum. ÖFN sá um að útbúa yfirlitskort og dagsleiðakort með GPS punktum og nánari leiðarlýsingu fyrir keppendurna og aðstoðaði við eftirlit staðsetningartækja og merkingu reiðleiða í feldinu.



Yfirlitskort dagsleiða fyrir þolreiðakeppni Survive Iceland.

Engir nefndarfundir hafa verið haldnir á árinu.